



TILKYNNING FRÁ iTUB ehf.

Varðar: iTUB leiga, skil og þvottur á kerum undir fisk sem fluttur er til Hollands

Ágæti viðskiptavinur

Frá og með 1.nóvember mun Fiskmarkaðurinn í Urk (Visveiling URK) taka að sér vél-þvott á öllum kerum iTUB sem falla til á svæðinu. Fiskkaupendum og/eða þeim sem koma til með að tæma kerin í Hollandi (hér eftir nefndir viðtakendur) er gert skylt að skila kerum á fiskmarkaðinn þar sem þau verða þvegin áður en þau eru hlaðin í gáma/trailera fyrir heimflutning. Þetta er gert til að tryggja notendum hrein ker við næstu notkun og ekki síður skilvirkari heimflutning. Frá og með 1.nóvember mun iTUB því innheimta þvottagjald hjá útflytjanda á hvert ker sem fer í útflutning til Hollands .

Gjald fyrir þvott sem leggst á hvert útflutt ker til Hollands verður **kr 750 ISK án/vsk.**

Ker sem notuð eru til útflutnings, bera leigugjöld skv gjaldskrá útflutnings, eða samningi þar um, og skal fiskútflytjandi tilkynna til iTUB (itub@itub.is) fjölda kera í útflutning vikulega svo og upplýsingum um flutningsfar og áfangastað. iTUB áskilur sér rétt til að til að sækja upplýsingar um útflutning til flutningsaðila.

iTUB mun senda til baka tilvísunarnúmer (e.reference number), skal það númer gefið upp þegar ker er skilað til fiskmarkaðarins í Urk. Tilvísunarnúmer fyrir Holland verða í númeraröðinni: NED ár.vika.nr (NED184501; NED184502 osfrv)

Fiskútflytjandi er ábyrgur fyrir skilum á kerum til fiskmarkaðarins í Urk. Það er því á ábyrgð fiskútflytjanda að upplýsa viðtakendur um þessar breytingar á fyrirkomulagi. Það er einnig á ábyrgð fiskútflytjanda að tilvísunarnúmer sendingarinnar berist til sinna viðtakanda.

Kerum skal skila til fiskmarkaðarins í Urk fyrir lok þeirrar viku sem afhending á erlendum mörkuðum fer fram. Verði kerum ekki skilað innan þess tíma verða ker sótt til viðtakanda á hans kostnað.

Viðtakandi sem skilar kerum inn til fiskmarkaðarins er skylt að óska eftir staðfestingu (nótu) fiskmarkaðarins á fjölda þeirra kera sem hann skilar fyrir hönd útflytjanda, gegn tilvísunarnúmeri, enda miðast skil á kari við þá staðfestingu. Ef fiskútflytjandi getur ekki sýnt fram á staðfestingu á skilum þess fjölda kera sem skráð eru á viðkomandi tilvísanunúmeri teljast þau ker enn í leigu hjá viðkomandi fiskútflytjanda og gildir þá daggjald þr kar samkvæmt gjaldskrá, í lágmark 7 daga í senn þar sem flutningar heim til Íslands eru háðir vikulegum áætlunarsiglingum.

Heimilisfang: Visveiling URK BV, Westwal 2, 8321 WG Urk, Holland

Eftirfarandi gjaldskrá gildir frá og með 01.11.2018

Leiga á kerum til útflutnings	1.700	ISK/kar án.vsk
Þvottagjald	750	ISK/kar án. vsk
Dagleiga	125	ISK/kar pr dag án. vsk

Af þessu leiðir að ábyrgð fiskútflytjanda er skilgreind með betri hætti en nú er svo og ábyrgð viðtakanda á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir Reimar Viðarsson, s: 460 5044 - itub@itub.is